

FRÁSÖGN

af fjarfundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins 26. október 2020.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins kom saman á fjarfundi. Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Guðjón S. Brjánsson, formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Aðrir fundarmenn voru Henrik Old, formaður landsdeildar Færeyja, Vivian Motzfeldt, formaður landsdeildar Grænlands, Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Steen Løgstrup Nielsen, starfsmaður ráðsins, Rannvá Sólheim, ritari færeysku landsdeildarinnar, og Arnaruluk Lundblad og Elly Hauge Pedersen, starfsmenn grænlenku landsdeildarinnar. Helstu mál á dagskrá voru undirbúningur fyrir ársfund ráðsins í nóvember og viðbrögð landanna við heimsfaraldri kórónuveiru.

Formenn landsdeildanna þriggja sögðu stuttlega frá þróun kórónuveirufaraldursins og viðbrögðum yfirvalda við honum. Henrik Old sagði ástandið býsna gott í Færeyjum þar sem aðeins stöku tilfelli greindist daglega. Hins vegar væru horfurnar í efnahagsmálum verri. Færeyska þingið hefði samþykkt fjárveitingu upp á 325 milljónir danskra króna til fyrirtækja sem stæðu höllum fæti. Stærstur hluti fjárveitingarinnar færi til flugfélagsins Atlantic Airways og alþjóðaflugvallarins í Færeyjum. Enn væri öllum sem kæmu til landsins skylt að fara í sýnatöku og greiddu fyrir það sjálfir. Seinni sýnataka færi fram nokkrum dögum eftir komu en hún væri valkvæð. Vivian Motzfeldt greindi frá því að ekkert innanlandssmit hefði komið upp á Grænlandi lengi en jákvæð sýni væru að greinast hjá fólki sem væri nýkomið að utan. Guðjón S. Brjánsson sagði stöðuna erfiða á Íslandi. Landspítalinn starfaði nú á neyðarstigi og hópsýking hefði komið upp á öldrunardeild spítalans. Sundlaugar landsins væru lokaðar og einnig barir en veitingahús væru opin með takmörkunum. Efnahagsleg áhrif faraldursins væru gríðarleg og einna helst í ferðaþjónustu sem hefði nær algjörlega þurrkast út. Atvinnuleysi færi vaxandi og væri mest á Suðvesturlandi þar sem þjónusta í tengslum við Keflavíkurflugvöll og ferðaþjónusta hefði lagst af.

Sigurður Ólafsson sagði stuttlega frá starfi skrifstofunnar sem færi fram í fjarvinnu. Flestum fundum hefði verið frestað eða færu fram í gegnum fjarfundarbúnað. Norðurskautsráð héldi alla sína fundi með fjarfundarbúnaði og benti Sigurður forsætisnefnd á fundargerðir frá skrifstofu ráðsins. Unnið væri að því að skipuleggja árlegan fund með norðurslóðanefnd Evrópuþingsins, DEEA-nefndinni, í desember og fram undan væri einnig fjarfundur þingmannanefndar um norðurslóðamál. Vestnorræna ráðið hefði auk þess staðið fyrir opnum fundum í tilefni af vestnorræna deginum 23. september og skipulagt erindi um stöðu vestnorrænna ungmenna á málstofu um ungt fólk á norðurslóðum.

Forsætisnefnd undirbjó fund sinn með vestnorrænum samstarfsráðherrum Norðurlanda 28. október og ársfund Vestnorræna ráðsins 6. nóvember. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu www.vestnordisk.is.